

Fjármálaeftirlitið

7. ágúst 2007

Tilkynning til ríkislögreglustjóra um brot á 2. mgr. 28. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti.

Þann 22. mars 2006 ákvað stjórn Fjármálaeftirlitsins að greina ríkislögreglustjóra frá eftirfarandi brotum á flöggunarskyldu, sbr. þáverandi 2. mgr. 28. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 33/2003 (vvl.):

1. Sölu einstaklings á tæplega 20% hlut í félagi í janúar 2006, en flöggunartilkynning barst ekki Kauphöll Íslands hf. fyrr en um 3 vikum síðar.
2. Kaup félags á tæplega 20% hlut í öðru félagi í janúar 2006, en flöggunartilkynning barst ekki Kauphöll Íslands hf. fyrr en um 2 vikum síðar.
3. Sala einstaklings á rúmlega 1% hlut í félagi í ágúst 2005, en flöggunartilkynning barst Kauphöll Íslands hf. 1 degi of seint. Var þetta þriðja flöggunarbrot viðkomandi aðila síðan 2004, en Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við hann með bréfi í nóvember 2004, vegna tveggja flöggunarbrot. Var því um ítrekun á broti á 28. gr. vvl.

Með vísan til framangreinds og 75. gr. þágildandi verðbréfavíðskiptalaga, vörðuðu umrædd brot sektum í refsímáli. Í ljósi atvika ákvað stjórn Fjármálaeftirlitsins að greina bæri ríkislögreglustjóra frá brotunum, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

Þann 27. júlí sl. bárust Fjármálaeftirlitinu bréf frá embætti Ríkislögreglustjóra þar sem tilkynnt var að málnum hefði verið lokið með undirritun sektargerðar hjá lögreglu, að fjárhæð kr. 200.000 hver. Þar sem ekki var gefin út ákæra í þessum málum verða nöfn viðkomandi aðila ekki birt.